

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2005

Nr. 5

4

7. janúar 2005

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 993/2004 um framkvæmd
sammings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna
sem eru í útrýmingarhættu.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar öðlast ekki gildi fyrir 1. apríl 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga um framkvæmd sammings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 6

10. janúar 2005

AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík
og auglýsing um afturköllun á breytingu
á deiliskipulagi í Reykjavík.**

Nethylur 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 24. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Nethyl 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Depluhólar 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 24. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Depluhóla 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 17-21 (afturköllun á auglýsingu um gildistöku).

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar fyrir framangreindar lóðir, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. júlí 2004 í auglýsingu nr. 649/2004, er hér með afturkölluð þar sem breytingin var felld úr gildi sbr. samþykkt borgarráðs frá 7. október 2004.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. janúar 2005.

Helga Bragadóttir.